

FUNDARBOÐ

1. fundur Bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, miðvikudaginn 8. júní 2022 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Erindi til kynningar

1. 2205034 - Greinargerð um úrslit sveitarstjórnarkosninga 2022

Lögð fram greinargerð um úrslit sveitarstjórnarkosninga 2022 ásamt skýrslu um atkvæðatölur framboðslista og frambjóðenda.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

2. 2112004 - Sameining Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Lagðar fram hugmyndir að nafni sameinaðs sveitarfélags Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar sem bárust í samráðsgátt betra.is.

3. 2205035 - Kjör forseta bæjarstjórnar

Lögð fram tillaga um að Hrafnhildur Hallvarðsdóttir gegni stöðu forseta bæjarstjórnar.

4. 2205036 - Kjör fyrsta og annars varaforseta bæjarstjórnar

Lagðar fram tillögur að fyrsta og öðrum varaforseta bæjarstjórnar.

5. 2205037 - Kjör þriggja aðalmanna í bæjarráð og þriggja til vara

Lagðar fram tillögur að þrem aðal- og þrem varamönnum í bæjarráð.

6. 2205038 - Ráðning sveitar- og bæjarstjóra

Lögð fram tillaga um að framlengja ráðningarsamning Stykkishólmsbæjar við Jakob Björgvin Jakobsson þannig að hann nái til hins sameinaða sveitarfélags og fela forseta bæjarstjórnar að rita undir samninginn fyrir hönd hins sameinaða sveitarfélags.

7. 2205039 - Kjör nefnda í samræmi við samþykktir sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar

Lagt er til að kjör nefndarmanna verði frestað til næsta fundar að fráskildu kjöri í skipulagsnefnd, fræðslunefnd og fulltrúum sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar í Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV).

8. 2206012 - Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar 2022-2025

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir sameinað sveitarfélag 2022-2025, með samþykktum viðaukum, til staðfestingar.

07.06.2022

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.